



Borgarráð

Reykjavík, 2. desember 2025

MSS25110133

Samráðsvettvangur um borgarstefnu - Tilnefning Reykjavíkurborgar í framkvæmdahóp

Lagt er til að borgarráð samþykki að tilnefna Þorstein Gunnarsson, borgarritara, sem fulltrúa Reykjavíkurborgar í framkvæmdahóp sem mun heyra undir samráðsvettvang um borgarstefnu, sbr. beiðni Innviðaráðuneytisins frá 28. nóvember sl. Þann 22. október sl. samþykkti Alþingi þingsályktun um borgarstefnu fyrir árin 2025-2040. Framkvæmdahópnum verður falið að móta fáar en vel skilgreindar aðgerðir í samræmi við þá framtíðarsýn sem birtist í þingsályktun um borgarstefnu og forgangsörðun hins formlega samráðsvettvangs um stefnuna. Framkvæmdahópurinn skal skila til samráðsvettvangs um borgarstefnu tillögum að aðgerðum eigi síðar en í júní 2026.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Beiðni Innviðaráðuneytisins frá 28. nóvember 2025 um tilnefningu Reykjavíkurborgar í framkvæmdahóp samráðsvettvangs um borgarstefnu.



Reykjavík

Móttakið dags.

28.11.2025 08:49

Ágæti viðtakandi

Alþingi samþykkti þann 22. október sl. þingsályktun um borgarstefnu fyrir árin 2025-2040. Stefnan markar tímamót í byggðastefnu stjórnvalda en þetta er í fyrsta skipti sem samþykkt er heildstæð stefna um borgir og borgarsvæði á Íslandi og þróun þeirra.

Aðaltillaga borgarstefnu er innviðaráðherra verði falið að koma á formlegum samstarfsvettvangi ríkisins og borgarsvæðanna sem stuðli að því að markmiðum borgarstefnu verði náð. Á þeim vettvangi verði inntak borgarstefnu þróað þannig að þær áherslur sem hér eru settar fram leiði til beinna skilgreindra aðgerða og/eða samþættingar við aðgerðir í fyrirbyggjandi áætlunum hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga, og styðji þannig við að markmiðum verði náð.

Samkvæmt ákvörðun innviðaráðherra mynda innviðaráðherra, borgarstjóri í Reykjavík og bæjarstjóri á Akureyri **hinn formlega samráðsvettvang** sem skal funda a.m.k. árlega.

Undir samráðsvettvangi um borgarstefnu verður skipaður **framkvæmdahópur** sem í eiga sæti fulltrúar fjármála- og efnahagsráðuneytisins, forsætisráðuneytisins, Akureyrarbæjar, Reykjavíkurborgar, Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sambands sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, auk fulltrúa innviðaráðherra, sem er jafnframt verkefnisstjóri og formaður hópsins. Fulltrúar annarra ráðuneyta, sveitarfélaga, landshlutasamtaka og annarra hagaðila verða kallaðir til samstarfs eftir atvikum. Framkvæmdahópnum verður falið að móta fáar en vel skilgreindar aðgerðir í samræmi við þá framtíðarsýn sem birtist í þingsályktun um borgarstefnu og forgangsröðun hins formlega samráðsvettvangs um stefnuna, sbr. framangreint. Framkvæmda hópurinn skal skila til samráðsvettvangs um borgarstefnu tillögum að aðgerðum eigi síðar en í júní 2026.

Er þess óskað að Reykjavíkurborg tilnefni einn fulltrúa í framangreindan framkvæmdahóp. Þess er óskað að tilnefning berist eigi síðar en 10. desember nk.

Ráðuneytið vekur athygli á 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 150/2020, með síðari breytingum, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ráðherra skipar í starfshópinn og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Bestu kveðjur,

Jóhanna Sigurjónsdóttir



Jóhanna Sigurjónsdóttir

verkefnastjóri / Project Manager

Skrifstofa sveitarfélaga, stafrænna innviða og byggðamála / Department of

Local Government, Digital Infrastructure and Regional Affairs

Innviðaráðuneytið / Ministry of Infrastructure

Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland